

Samantekt um tilskipun 2019/790 um höfundarétt í hinum stafræna innri markaði

Fullt heiti tilskipunarinnar á íslensku er: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB.¹

Stutt samantekt um tilskipunina:

Tilskipuninni er ætlað að samræma ýmsar reglur um höfundarétt og skyld réttindi sem varða hinn stafræna innri markað og notkun verndaðra verka yfir landamæri. Hún tekur til ýmissa mikilvægra atriða eins og undanþágu frá eða takmörkun á² einkarétti höfunda til að tryggja að texta- og gagnanám geti farið fram, sérstaklega hjá rannsókn- og menningararfstofnunum; undanþágu vegna notkunar menntastofnana á höfundaréttarvörðu efni við fjarkennslu á netinu; ákvæða sem eiga að tryggja varðveislu menningararfs; ákvæða sem eiga að tryggja notkun menningararfstofnana á höfundaréttarvernduðum verkum í þeirra umsjá sem eru ekki lengur fáanleg á almennum markaði (e. out-of-commerce). Þá eru í tilskipuninni ákvæði um nýjan tveggja ára einkarétt útgefenda fréttafnis vegna netnotkunar á greinum dagblaða og fréttaveitna; heimildarákvæði um rétt útgefenda til hlutdeildar í tekjum vegna notkunar verka sem nýtt eru skv. undanþágum frá höfundarétti; um skyldu stærri þjónustuveitenda efnisdeilingar á netinu (t.d. Google og Facebook) til að tryggja að samningar við rétthafa um not af verkum þeirra séu virtir og til að tryggja að rétthafar geti bannað not ákveðinna verka á þjónustusvæði þjónustuveitenda og að lokum er að finna ákvæði um sanngjarnt endurgjald til höfunda og flytjenda í samningum til hagnýtingar á verkum þeirra eða listflutningi.

Tilskipunin hefur verið þýdd á íslensku, sjá meðfylgjandi.

Tilskipunin samanstendur af 86 formálgreinum og 32 efnisgreinum sem skipt er í fimm bólkka.

I. BÁLKUR (1.-2. gr., sjá líka formálgreinar 1.-4.)

1. gr. Í greininni er að finna almenn ákvæði um tilgang tilskipunarinnar sem er að samræma frekar höfundarétt og skyld réttindi innan innri markaðar ESB með sérstakri áherslu á stafræn afnot og notkun yfir landamæri.

2. gr. Í greininni er að finna skilgreiningar hugtaka. Eftirfarandi hugtök eru skilgreind: „rannsóknarstofnun“, „texta- og gagnanám“, „menningararfsstofnun“, „útgefið fréttafni“, „þjónusta í upplýsingasamfélaginu“ og „veitandi efnisdeilipjónustu á netinu“,

II. BÁLKUR (3. – 7. gr.)

Í bálknum er að finna ákvæði um takmarkanir og undanþágur frá einkarétti höfunda, sjá einnig formálgreinar 5.-7. (almenn umfjöllun) og 7. – 29. (um einstakar takmarkanir):

3. – 4. gr. fjalla um undanþágur vegna texta og gagnanáms. Texta- og gagnanám er samheiti yfir sjálfvirka tölvugreiningu upplýsinga á stafrænu formi, s.s. texta, hljóðs, mynda eða gagna. Slík notkun

¹ Tilskipunin er í daglegu máli oft kölluð DSM tilskipunin, byggt á heiti tilskipunarinnar á ensku sem er Directive (EU) 2019/790 of the European Parliament and of the Council of 17 April 2019 on copyright and related rights in the Digital Single Market and amending Directives 96/9/EC and 2001/29/EC.

² Hér eru hugtökin „takmarkanir“ og „undanþágur“ notuð jöfnum höndum án þess að munur sé gerður á innihaldi hugtakanna.

væri erfið eða ómöguleg ef leita þyrfti samþykki hvers og eins rétthafa höfundaréttar að þeim verkum sem ætti að tölvugreina.

3. gr. Greinin fjallar um undanþágu til texta- og gagnanáms til handa rannsókna - og menningararfstofnunum í tengslum við vísindarannsóknir á verkum sem löglegur aðgangur er að. Ekki er hægt að semja sig frá þessari undanþágu. Rétt höfum skal vera heimilt að nýta aðgerðir til að tryggja öryggi og réttleika kerfa og gagnagrunna þar sem viðkomandi verk eru hýst. Ekki er áskilnaður um endurgjald fyrir not á grundvelli undanþágunnar í 3. gr.

4. gr. Ákvæðið hefur að geyma almenna undanþágu vegna texta- og gagnanáms, þ.e. sem er ekki bundin við rannsóknar- eða menntastofnanir, en sem byggir á því að rétthafi hafi ekki lagt bann við slíkri notkun.

5. gr. Í greininni er undanþága vegna stafrænna afnota, þ.m.t. afnota yfir landamæri vegna t.d. fjarkennslu, á vegum menntastofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Ákvæðið veitir undanþágu frá einkarétti höfunda hvað varðar stafræn not bæði til eintakagerðar og til að gera eintök aðgengileg. Afnotin mega ekki vera í hagnaðarskyni. Heimilda skal getið við not undanþágunnar svo framarlega sem slíkt er mögulegt. Hægt er að undanskilja efni og/eða not sem auðveldlega er hægt að semja um leyfi fyrir. Almenn er talið að samningskvaðaleyfi teljist slík leyfi. Not á grundvelli þessarar undanþágu teljast eingöngu eiga sér stað í því landi þar sem viðkomandi menntastofnun sem nýtir sér undanþáguna er staðsett. Það á bæði við á grundvelli undanþágu eða takmörkunar og leyfa. Heimilt er að semja um bætur fyrir notkun á grundvelli undanþágunnar eða takmarkanna.

6. gr. Greinin fjallar um undanþágu til eintakagerðar, í hvaða formi sem er, til handa menningararfstofnunum vegna varðveislu menningararfsins.

7. gr. Greinin geymir sameiginleg ákvæði um takmarkanir og undanþágur sem eru í 3.-6. gr. tilskipunarinnar. Hér er kveðið á um að ekki sé hægt að semja sig frá undanþágum sem veita skal skv. 3., 5. og 6. gr. og að þriggja þrepa viðmiðið sem sett er fram um takmarkanir í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB gildi einnig um þessar undanþágur.

III. BÁLKUR (fjórir kaflar; 8. – 14. gr.)

Í fyrsta kafla III. bálks, er í 8.-11. gr. og formálgreinum 29. – 43., að finna ákvæði um notkun menningararfstofnana á verkum í söfnum sínum sem ekki er lengur hægt að fá á almennum markaði

8. gr. Í greininni er kveðið á um nytjaleyfiskerfi sem menningararfstofnanir geta nýtt sér til notkunar á ákveðnum verkum í safnkosti sínum.

1. mgr. 8. gr. Ákvæðið skyldar aðildarríkin til að kveða á um að þegar umsýslustofnanir semja um notkunar menningararfstofna á verkum sem eru í safnkosti þeirra og sem ekki eru lengur fánleg á almennum markaði (e. out-of-commerce) og notkun þeirra eru ekki í ágóðaskyni og útiloka ekki samninga um notkun annarra á sömu verkum (e. non-exclusive licence) þá megi slíkir samningar binda rétthafa sem ekki eru félagar í viðkomandi umsýslustofnun að ákveðnum skilyrðum uppfylltum (útvíkuð nytjaleyfi). Þau skilyrði eru að viðkomandi umsýslustofnun sé í fyrirsvari fyrir verulegum hluta höfunda verka á viðkomandi sviði, að jafnræðis sé gætt á milli rétthafa og að allir rétthafar geti bannað notkun samkvæmt slíkum samningi.

2. og 3. mgr. 8. gr. Í ákvæðunum kemur fram að ef ekki er fyrir hendi umsýslustofnun sem er í forsvari fyrir þá rétthafa sem safnkostur viðkomandi menningararfstofnunar tekur til skuli aðildarríki lögfesta

undanþágu til handa þeim menningararfstofnunum um notkun slíkra verka sem eru ekki lengur fáanleg á almennum markaði.

4. mgr. 8. gr. Í ákvæðinu er mælt fyrir um rétt rétthafa verka, sem 1. og 2. mgr. tekur til, til að banna að verk þeirra verði notuð á grundvelli slíkra samninga.

5. mgr. 8. gr. Í ákvæðinu eru leiðbeiningar um hvenær verk skuli talin vera ófáanleg á almennum markaði.

6. mgr. 8. gr. Í ákvæðinu segir að sækja skuli um leyfi, skv. 1. mgr. 8. gr., til umsýslustofnana sem eru í forsvari fyrir verulegum hluta rétthafa á viðkomandi sviði í því landi sem viðkomandi menningararfstofnun er staðsett.

7. mgr. 8. gr. Í ákvæðinu segir að efni greinarinnar taki ekki til verka sem teljast vera verk frá löndum utan Evrópska Efnahagssvæðisins nema í ákveðnum tilvikum, þ.e. þegar fyrir hendi eru samningar um gagnkvæma viðurkenningu réttinda.

9. gr. Í þessari grein segir að samningar á grundvelli 8. gr. geti heimilað menningararfstofnunum í öðrum aðildarríkjum sömu notkun, þ.e. slíkir samningar geta heimilað notkun yfir landamæri. Þá er kveðið á um að notkun samkvæmt þeirri undanþágu sem er að finna í 2. mgr. 8. gr. skuli einungis vera talin eiga sér stað í því aðildarríki sem sú menningararfstofnun sem notar verkið er staðsett.

10. gr. Í þessari grein er kveðið á um upplýsingaskyldu um þau verk sem notuð eru á grundvelli slíkra útvíkkaðra nytjaleyfa, þ.e. undanþágu skv. 2. mgr. 8. gr., og að slíkar upplýsingar skuli birta í sam-evrópskri netgátt á vegum hugverkastofu Evrópusambandsins³.

11. gr. Greinin kveður á um samtal og samvinnu hagsmunaaðila um framkvæmd 8. gr.

Í öðrum kafla III. bóls, er í 12. gr. og formálgreinum 44.-50., fjallað um landsbundnar samningskvaðaheimildir.

12. gr. Ákvæðið heimilar aðildarríkjum að lögfasta ákvæði um samningskvöð sem gilt geta um landsbundna samninga á því sviði sem samningskvöðin tekur til. Með samningskvöð er átt við það að ákveðið er með lögum að notendum verka, sem varin eru af höfundarétti og sem gert hafa samning við sameiginlega umsýslustofnun á sviði höfundaréttar um notkun á verkum félagsmanna eða aðildarfélaganna þeirra, skuli einnig vera heimilt að nýta verk höfunda sem standa utan slíkrar umsýslustofnunar enda séu verkin sömu tegundar og verk sem samningurinn tekur til og notkunin að öðru leyti háð ákvæðum samningsins. Skilyrði þess að slíkt sé heimilt er m.a. að viðkomandi umsýslustofnun hafi fullnægjandi fyrirvar fyrir rétthafa viðkomandi tegunda verka og réttinda; að heimildinni sé aðeins beitt á sviðum þar sem íþyngjandi og óhagkvæmt er að afla heimildar frá einstökum rétthöfum; að allir rétthafar njóti jafnar meðferðar samkvæmt skilmálum í samningi um samningskvaðir; að viðeigandi kynningarráðstöfunum sé beitt; að öllum rétthöfum sem ekki hafa veitt umsýslustofnuninni umboð, geti undanskilið verk sín frá samningum um samningskvaðir.

Í þriðja kafla III. bóls, er í 13. gr. mælt fyrir um skyldu aðildarríkja til að tryggja að til staðar sé óhlutdrægur aðili eða stofnun sem aðstoðar við gerð samninga um myndmiðlun eftir þöntun (e. video-on-demand) að kvikmyndum (e. audiovisual works).

³ European Union Intellectual Property Office (EUIPO).

Í fjórða kafla III. bóls, er í 14. gr. kveðið á um að afurð eintakagerðar sjónlistaverka sem fallin eru úr höfundavernd skuli ekki njóta höfundaverndar nema afurðin af eintakagerðinni uppfylli frumleikaskilyrði höfundaverndar.

IV. BÁLKUR (þrjú kaflar; 15. – 23. gr.)

Í 1. kafla IV. bóls er í 15. – 16. gr. kveðið á um útgáfuréttindi, sjá líka formálgreinar 54.-59.

15. gr. Í greininni er kveðið á um skyldu aðildarríkja til að veita útgefendum fréttæfnis einkarétt til eintakagerðar og stafrænnar miðlunar útgáfu sinnar á netinu sem vara skal í tvö ár. Sá réttur á að tryggja sjálfbærni útgáfustarfsemi fréttastofa og ýta þannig undir aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum. Þessi nýji réttur útgefenda fréttæfnis skal á engan hátt hafa áhrif á rétt höfunda og annarra rétthafa á verkum sínum sem felld hafa verið inn í útgefið fréttæfni. Þá gildir þessi einkaréttur ekki gagnvart einkanotum einstaklinga eða afnotum einstaklinga sem eru ekki í fjárhagslegum tilgangi, notkun á krækjum, notkun einstakra orða eða mjög stuttra útdráttá úr blaðgreinum. Höfundar efnis sem notað er í útgefið fréttæfni skulu fá viðeigandi hlutdeild í þeim tekjum sem útgefendur fréttæfnisins fá frá þjónustuveitanda á grundvelli þessa ákvæðis.

16. gr. Í greininni er að finna ákvæði um að aðildarríki sé heimilt að kveða á um að þegar höfundur hefur framselt rétt sinn til útgefanda þá sé slíkt framsal grundvöllur þess að útgefandinn eigi rétt á hlutdeild í bótum vegna notkunar verka á grundavelli takmarkana eða undanþágu í höfundalögum.

Í 2. kafla IV. bóls er í 17. gr. kveðið á um notkun höfundaréttarvarins efnis á netþjónustuveitum, t.d. Facebook og YouTube, sjá líka formálgreinar 61. – 71. Efnisdeilipjónusta á netinu veitir aðgang að miklu magni höfundaréttarvarins efnis sem notendur hlaða upp og er orðin meginuppspretta aðgangs að efni á netinu. Slík þjónusta veitir víðtækari aðgang að menningarefni og skapandi verkum og skapar mörg tækifæri til að þróa ný viðskiptalíkön. En slíkur aðgangur hefur líka margar áskoranir í för með sér. Ákvæði tilskipunarinnar að þessu leyti er ætlað að einfalda leyfisveitingar á milli rétthafa höfundaréttar og veitenda efnisdeilipjónustu. Almennu eykur ákvæði 17. gr. tilskipunarinnar ábyrgð veitenda efnisdeilipjónustu á netinu, sbr. skilgreiningu í 6. tölul. 2. gr., gagnvart því að tryggja að efni sem varið er höfundarétti sé miðlað á efnisdeilipjónustunni með leyfi rétthafa eða á annan löglegan hátt.

17. gr. Í greininni er kveðið á um að veiting aðgangs að höfundaréttarvörðu efni á efnisdeilipjónustu teljist opinber flutningur eða miðlun til almennings, sbr. 2. gr. höfundalaga, af hálfu veitenda slíkrar þjónustu. Það skyldar því veitanda slíkrar þjónustu til að afla sér leyfis rétthafa, t.d. með samningum. Takmörkun ábyrgðar sem 14. gr. tilskipunar 2000/31/EB um rafræn viðskipti á ekki við um þau tilvik sem falla undir 17. gr. Ef veitendur efnisdeilipjónustu á netinu hafa ekki aflað samþykkis rétthafa þá teljast þeir ábyrgir fyrir þeirri óheimilu notkun sem verður vegna þjónustunnar nema þeir geti sýnt fram á bestu viðleitni til að afla samþykkis rétthafa og jafnframt gert sitt besta að koma í veg fyrir að óheimil verk séu aðgengileg á efnisdeilipjónustunni. Ekki gilda þó öll ákvæði 17. gr. um „minni“ efnisdeilipjónustu fyrstu þrjú árin eftir að slík þjónusta hefur starfsemi. Ákvæði 17. gr. eiga ekki að hindra að verk sem ekki njóta höfundaverndar verði aðgengileg hjá efnisdeilipjónustu, m.a. verk sem falla undir takmarkanir og undanþágur frá höfundarétti (tilvitnanir, skopstælingar o.fl.). Sömuleiðis eiga ákvæði greinarinnar ekki að hafa í för með sér almenna eftirlitsskyldu. Veitendur efnisdeilipjónustu á netinu skulu koma á fót skilvirku kvörtunarferli fyrir notendur. Aðildarríkin skulu tryggja að notendur hafi aðgang að dómstólum varðandi deilumál, sérstaklega hvað varðar úrlausn þess hvort notkun falli undir einhverjar takmarkanir eða undanþágur í höfundalögum.

Í 3. kafli IV. bóls er í 18. - 23. gr. að finna ákvæði um sanngjarna þóknun til höfunda og flytjenda í samningum til hagnýtingar á verkum þeirra eða listflutningi. Útgangspunktur ákvæða tilskipunarinnar er að höfundar og listflytjendur séu oft í veikari samningsstöðu þegar þeir veita nytjaleyfi eða framselja réttindi sín og því sé mikilvægt að auka og skýra vernd rétthafa að því leyti.

18. gr. Í greininni er kveðið á um þá meginreglu að endurgjald til höfunda og listflytjenda skuli vera viðeignandi og í réttu hlutfalli í samningum sem heimila notkun verka og flutnings þeirra. Við innleiðingu ákvæðisins skal taka tillit til meginreglunnar um samningsfrelsi og jafnvægi á milli réttinda og hagsmuna.

19. gr. Í greininni er kveðið á um upplýsingaskyldu gagnvart höfundum og flytjendum um notkun og endurgjald fyrir notkun verka og flutnings á grundvelli nytjaleyfa og annarra framsalssamninga.

20. gr. Í greininni er kveðið á um að höfundar og flytjendur skuli eiga rétt til viðbótarendurgjalds frá framsalshafa leyfissamninga ef í ljós kemur að upprunalegar greiðslur eru hlutfallslega lágar í samanburði við tekjur sem koma til vegna hagnýtingar verkanna eða listflutningsins skv. viðkomandi framsalssamningi.

21. gr. Samkvæmt greininni skulu aðildarríki kveða á um að vísa megi deilum vegna ákvæða 19. og 20. gr. í valfrjálsa málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla.

22. gr. Í greininni er kveðið á um rétt höfunda og flytjenda til að afturkalla eða ógilda framsals- eða leyfissamning ef verkin eru ekki nýtt undir þeim samningi. Aðildarríkjum er frjálst að útfæra slíkan rétt að mestu leyti en er þó skylt að kveða á um að slík afturköllun geti ekki átt sér stað fyrr en að liðnum hæfilegum tíma frá því að nytjaleyfi er veitt eða réttindi framseld. Þá skal höfundur eða listflytjandi láta handhafa nytjaleyfis fyrir réttindunum eða framsalshafa réttindanna, vita um fyrirhugaða afturköllun og veita viðeigandi fresti til hagnýtingar áður en heimild til notkunar fellur niður.

23. gr. Í greininni kemur fram að óheimilt er að víkja frá ákvæðum 19., 20. og 21. gr. með samningi.

BÁLKUR V.

Fimmti og jafnframt lokahluti tilskipunarinnar varðar breytingar sem gera þarf að öðrum tilskipunum vegna tilskipunarinnar, þ.e. ýmis gildistökuákvæði, ákvæði um persónuvernd, innleiðingu og endurskoðun, sbr. 24. -32. gr. og formálgreinar 83-86.